

Fundargerð skólaráðs Akurskóla

Fundur haldinn í Akurskóla 21. mars 2022 klukkan 16.00-17.00

Mættir: Sigurbjörg Róbertsdóttir skólastjóri, Þormóður Logi Björnsson aðstoðarskólastjóri, Elín Njálisdóttir og Fríða Hrönn Hallfreðsdóttir fulltrúar kennara. Ósk Benediksdóttir fulltrúi starfsfólks. Borghildur Þórðardóttir og Eybjörg Helga Daníelsdóttir fulltrúar foreldra. Daði Þorkelsson fulltrúi grenndarsamfélagsins. Margrét Norðfjörð og Jón Garðar Arnarsson fulltrúar nemenda.

Dagskrá:

1. Skóladagatal 2022-2023 lagt fram til samþykktar.
2. Skólapúlsinn – helstu niðurstöður PLB
3. Nýtt skipulag frímínútna í 1. – 6. bekk SR
4. Viðhorfskannanir í 3., 6. og 9. bekk SR
5. Endurskoðun skólanámskrár, almenna hlutans. SR og PLB
6. Önnur mál

Skólastjóri setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

1.mál Skóladagatal 2022-2023.

Skólaráð Akurskóla hefur kynnt sér skóladagatalið og er það samhljóða samþykkt.

2.mál Skólapúlsinn

Aðstoðarskólastjóri sagði frá helstu niðurstöðum í skólapúlsinum hjá 6. -10. bekk. Við höfum áhyggjur af þessari þróun. En tölurnar eru rauðar og höfum við farið niður í flestum mælipáttum.

3.mál Nýtt skipulag frímínútna í 1. – 6. bekk

Skólastjóri fór yfir breytingar á frímínútum hjá yngri nemendum í tilraunaskyni. Það hefur mælst vel til og ætlum við að halda því áfram út skólaárið. Ráðið var jákvætt fyrir þessum breytingum.

4.mál Viðhorfskannanir í 3., 6. og 9. bekk

Skólastjóri fór yfir könnun sem við erum að fara setja af stað fyrir foreldra. Ráðinu leyst vel á þessa hugmynd og er sammála um að senda þetta út. Ábending um hvort hægt sé að fá könnunina á öðrum tungumálum. Ábending um að undir annað megi vera stutt og einfalt.

5.mál Endurskoðun skólanámskrár, almenna hlutans

Skólastjóri fór yfir hugmyndir að vinnu með almenna hluta skólanámskrár sem er farin af stað. Við ætlum að breyta henni úr pdf skjali í heimasíðu og hafa hana aðgengilegri.

6.mál Önnur mál.

a) Skólastjóri er að skoða með að breyta stundatöflu í 8.20 í stað 8.10 og líst öllum vel á það.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.16.40.

Fundargerð þessa ritaði
Þormóður Logi Björnsson
Aðstoðarskólastjóri Akurskóla